



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Reglur um táknmálssvið Hlíðaskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. apríl 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. mars 2020, um reglur um innritun og útskrift nemenda á táknmálssviði Hlíðaskóla ásamt reglum um innritun og útskrift nemenda á táknmálssviði Hlíðaskóla og umsögn skólaráðs Hlíðaskóla um reglurnar, dags. 27. apríl 2020.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Vakin er athygli á að um er að ræða reglur sem þarfnast staðfestingar mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla skulu sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði innan grunnskóla.

Til samræmis við 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 30. mars 2020
Reglur um innritun og útskrift frá táknmálssviði Hlíðaskóla
Umsögn skólaráðs Hlíðaskóla um reglurnar, dags. 27. apríl 2020



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda af táknmálssviði Hlíðaskóla

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla skulu sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði innan grunnskóla setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Í reglunum skal kveðið á um málsmeðferð og skilyrði fyrir inntöku nemenda í viðkomandi sérskóla eða sérúrræði. Heimilt er að skipa ráð með fagaðilum sem geri tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. framangreindrar reglugerðar staðfestir ráðherra reglur sveitarfélaga um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræði sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunargreglur skulu birtar opinberlega.

Til samræmis við 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,

Ekki hafa verið í gildi sérstakar reglur um innritun og útskrift nemenda af Táknmálssviði í Hlíðarskóla. Þó hefur verið stuðst við drög að reglum sem ekki hafa hlotið þá meðferð sem reglugerðin gerir ráð fyrir, m.a. ekki samþykktar af ráðuneytinu. Skóla- og frístundasvið hefur í samráði við skólastjórnendur og deildarstjóra Táknmálssviðs Hlíðarskóla unnið að gerð reglna um innritun og útskrift nemenda af Táknmálssviði í Hlíðarskóla.

Reglurnar eru gerðar í samræmi við og með hliðsjón af reglum borgarinnar um innritun og útskrift úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að reglurnar taki gildi þegar þær hafa hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis og hafa verið birtar opinberlega.

Markmið reglna um innritun og útskrift nemenda af táknaálssviði í Hlíðaskóla er meðal annars að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnsýslu við afgreiðslu þeirra.

1. Innritun nemenda á táknaálssvið

Táknaálssvið er starfrækt í Hlíðaskóla í Reykjavík og er fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda nemendur. Í Hlíðaskóla eru íslenskt táknaál og íslenska jafnréttá.

1. Foreldrar geta sótt um skólavist á táknaálssviði fyrir barn sitt, telji þeir, skólustjórnendur og sérfræðingar að barnið fái best notið kennslu við sitt hæfi þar. Foreldrar sem hyggjast sækja um skólavist á táknaálssviði fyrir barn sitt eru hvattir til að kynna sér starfsemi sviðsins og einnig starfsemi heimaskóla áður en umsókn er tekin fyrir.
2. Umsóknum vegna komandi skólaárs skal skila til skólustjóra Hlíðaskóla/deildarstjóra táknaálssviðs Hlíðaskóla eða til skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur fyrir 1. mars ár hvert. Með umsóknum fylgi greiningargögn og skýrslur leik- eða grunnskóla nemenda.
3. Fagráð um innritun, hér eftir fagráð sjá nánar í 3. gr. lið c, fer yfir umsóknir, metur þær og kynnir sér umsækjendur og aðstæður þeirra í viðkomandi leik- eða grunnskóla. Fagráðið leggur tillögur sínar um afgreiðslu umsókna fyrir skólustjóra Hlíðaskóla. Allar athuganir fagráðs skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra.
 - a. Við afgreiðslu umsókna tekur fagráð mið af:
 - i. Fyrirliggjandi greiningum frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og/eða öðrum viðurkenndum greiningaraðilum.
 - ii. Mati á stöðu nemandans frá leik- eða grunnskóla. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna svo sem stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans, félagsstöðu og líðan. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Fagráð kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður matsins.
 - iii. Greiningum og/eða upplýsingum frá sérfræði-/skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður matsins.
 - iv. Hvort aðstæður og möguleikar á táknaálssviði séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega.
 - v. Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska.

- vi. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

b. Starfshættir fagráðs

- i. Fagráð gætir ávallt jafnræðissjónarmiða í störfum sínum við mat og afgreiðslu umsókna.
- ii. Fagráð getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- iii. Fagráð getur eftir þörfum kallað eftir viðbótarupplýsingum varðandi umsóknir, svo sem frá skólaþjónustu við skóla og/eða falið kennara/sérkennara á táknmálssviði að heimsækja leik- eða grunnskóla nemandans og fylgjast með honum í aðstæðum enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.
- iv. Tillögur fagráðs um innritun vegna komandi skólaárs skulu liggja fyrir 15. apríl ár hvert.

c. Skipan fagráðs:

- i. Í fagráði um innritun á táknmálssvið sitja skólastjóri, deildarstjóri táknmálssviðs og verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

4. Afgreiðsla umsókna

- a. Skólastjóri Hlíðaskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar á grundvelli tillagna fagráðs enda hafi fagráð tekið mið af ofangreindu.
 - i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra.
 - ii. Sé lagt til að umsókn verði synjað skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra, þar sem ákvörðunin er rökstudd ítarlega. Gera skal grein fyrir afstöðu til allra sjónarmiða sem færð hafa verið fram og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun.
 - iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
 - iv. Ef umsókn er synjað vegna skorts á sérfræðimenntuðum starfsmönnum gefst foreldrum kostur á að halda umsókn sinni virkri til umfjöllunar síðar.
 - v. Sé umsókn synjað þar sem plássleysi í deildinni hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn inni hjá fagráði virkri til umfjöllunar síðar.

- vi. Um umsóknir barna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags fer samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.
- vii. Afgreiðslu umsókna vegna komandi skólaárs skal vera lokið 20. maí ár hvert.

2. Útskrift nemenda af táknmálssviði

1. Útskrift nemenda af táknmálssviði í annan grunnskóla

- a. Taki foreldrar ákvörðun um að flytja barn sitt í annan skóla skal gera áætlun um lok skólavistar í Hlíðaskóla og skólaskil.
- b. Að gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Hlíðaskóla, aðrir fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, kennari/sérkennari í viðkomandi móttökuskóla, nemandinn og foreldrar hans.
- c. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu meðal annars koma fram upplýsingar um nám- og félagslega stöðu hans, virkni, líðan og einstaklingsnámskrá sem unnið hefur verið eftir innan Hlíðaskóla. Sérfræðingar Hlíðaskóla annast eftirfylgd með nemandanum.
- d. Verði ágreiningur um útskrift nemanda úr Hlíðaskóla í annan skóla tekur skólastjóri Hlíðaskóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reynt að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Foreldrum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin. Sé ákvörðun tekin um að nemandi flytjist yfir í annan skóla skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

2. Útskrift að loknu grunnskólanámi

- a. Hefja skal undirbúning skólaskila eigi síðar en í 9. bekk.
- b. Að mótun og gerð áætlunar koma kennarar nemandans, aðrir fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, nemandinn sjálfur og foreldrar hans.
- c. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, áform hans um frekara nám og áhugamál.
- d. Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningar á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

Reglurnar eru settar á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015 og reglugerð nr. 974/2018 um breytingu á reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann [dags. samþykktar]. Reglurnar taka gildi við staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis [dags. samþykktar].



Reykjavík, 27. apríl 2020

Efni: Reglur um innritun nemenda á Táknmálssvið Hlíðaskóla

Það staðfestist hér með að reglur um innritun á Táknmálssvið Hlíðaskóla hafa verið samþykktar af skólaráði skólans.

Virðingarfyllst,

Kristrún G. Guðmundsdóttir

skólastjóri Hlíðaskóla



